

Reykjavíkurmótið í loftbyssugreinunum fór fram í Egilshöllinni í dag. Reykjavíkurmeistari í loftskammbyssu varð Jórunn Harðardóttir í fullorðinsflokki og Elísabet Xiang Sveinbjörnsdóttir í flokki unglinga. Jórunn varð einnig Reykjavíkurmeistari í keppni með loftriffli og Sigurlína W. Magnúsdóttir í unglingaflokki. Nánari úrslit má finna á úrslitasíðu STÍ hérna: <https://sti.is/2025-2026/>